

**Sp.**

## **75. Tillaga til þingsályktunar**

[52. mál]

um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ásgeir Ásgeirsson, Gísli Jónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði. Skal rannsóknin miðuð við virkjun eða virkjanir í svo ríkum mæli, að fullnægt geti örugglega öllum raforkuþörfum þessa landshluta á komandi áratugum. Rannsókn þessari sé hraðað svo, að rökstuddar tillögur og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952.

### **Greinargerð.**

Þörfin fyrir raforku á landi hér vex nú hröðum skrefum, og eru kröfur landsmanna um aukið rafmagn orðnar svo ákveðnar, að segja má, að þar sem ekki er kostur á nægilegu rafmagn, þar fáist fólkíð ekki til að búa til lengdar. Engar líkur eru til þess, að þetta breytist á næstu áratugum. Vaxandi iðnaður og aukin véltækni á öllum sviðum kallar á rafmagn í sívaxandi mæli. Bættur húsakostur og kröfur um aukin lífspægindi útheimta meira rafmagn til húsa hitunar og annarra heimilisþarfa. Allt þetta verður að gera sér ljóst nú þegar og miða virkjanir næstu ára og undirbúning virkjana við það.

Hinar myndarlegu virkjanir Sogsins fyrir Suðvesturland og Laxár fyrir Norðurland eru svar við hinum vaxandi rafmagnsþörfum í þessum landshlutum. Með framkvæmd þeirra er lagður grundvöllur að áframhaldandi þróun atvinnulífsins á flestum sviðum í þessum landshlutum. En það þurfa fleiri landshlutar að fá virkjanir, sem eru til frambúðar, ef aðstaðan til öruggrar lífsafkomu á ekki að verða allt of ójöfn í landinu.

Stórvirkjunum á okkar mælikvarða, eins og Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni, verður seint komið í framkvæmd án erlendra aðstoðar, og eru þær nú framkvæmanlegar aðeins vegna þess, að Marshallaástoðarinnar nýtur við, og einungis með því að nota mestan hluta Marshallfjárins, sem landinu í heild var veitt, til þessara tveggja virkjana. Aðrir landshlutar eiga því fullan rétt á að krefjast þess, að heildarvirkjanir hjá þeim verði látnar sitja í fyrirrúmi, ef áframhald verður á Marshallaástoð til landsins, en til þess munu nokkrar vonir.

Á Vestfjörðum eru virkjanirnar í Engidal við Skutulsfjörð einu vatnsvirkjanirnar, sem framkvæmdar hafa verið og nokkur munur er að. Vantar þó mjög mikið á, að þær fullnægi Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þá er ákveðin og að nokkru leyti hafin 700 hestafla virkjun í Fossá í Hólshreppi fyrir Bolungavík. Þessar ár hafa góð virkjunarskilyrði, yfir 300 metra fallhæð, og eru aðeins í 5—6 km fjarlægð frá notendasvæðinu. Þær hafa því skilyrði til þess að framleiða rafmagn jafnódyrt og stór sameiginleg stöð. Virkjun þeirra var því og er sjálfsgöð, jafnt fyrir það þó að síðar komi stórt sameiginlegt orkuver fyrir allt svæðið. Verður væntanlega settur fullur kraftur á Bolungavíkurvirkjunina á næsta vori. Önnur kauptún á svæðinu verða flest að bjargast við litla og rándýra raforku, framleidda með olíu. Eins og nú lítur út með verðlag á aðfluttu eldsneyti og gjaldcyrisöflun þjóðarinnar til kaupa á því í framtíðinni, eru horfurnar þær, að vart þarf að ræða um raforkuframleiðslu með oliuvélum sem framtíðarlausn málsins, en þó verða þessar stöðvar nauðsynlegar sem varastöðvar. Vestfirzkar sveitar hafa yfirleitt ekkert rafmagn, ekki einu sinni til ljósa.

Dynjandi, fossinn við Arnarfjörð, vakti snemma athygli um virkjunaraðstöðu á svæðinu vestan Glámufjallgarðs. Nú munu liðin yfir 30 ár síðan hafin var rannsókn á virkjunaraðstöðunni þar, bæði í Dynjandisá og Mjólkurám. Hefur sitt sýnzt hverjum um virkjanlegt afl ána, en samkvæmt frumvarpi um virkjun þar, er lá

fyrir síðasta Alþingi, er talið, að fá megi þar 7000 hestöfl fyrir 60 millj. kr. miðað við verðlag 1950. Þetta er ekki óglæsileg niðurstaða, ef endanleg er, og full ástæða er til þess að skyggjast eftir virkjunaraðstöðu við önnur fallvötn þar í grennd til samanburðar.

En Glámufjallgarðurinn hefur tvær hliðar, og snýr aðeins önnur þeirra niður að Arnarfirði. Hin snýr að fjörðunum við Ísafjarðardjúp: Hestfirði, Skötufirði, Mjóafirði og Ísafirði. Þar er ekki síður mikil fallhæð, fossar og stöðuvötn til miðlunar. Hefur raforkumálaskrifstofan í sumar byrjað lauslegar athuganir þar og mælingar á miðlunarskilyrðum og vatnsrennsli. Verður vatnsrennslismælingum þar haldið áfram í vetur. Niðurstaða þessara lauslegu athugana hvetur eindregið til áframhaldandi mælinga, jafnframt því sem áætlanirnar um Dynjandisá og Mjólkurár verða endurskoðaðar.

Þá eru einnig veruleg virkjunarskilyrði á svæðinu austan Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, upp af Langadalsströnd, og hafa þar verið gerðar talsverðar mælingar.

Áður en hafizt er handa um framtíðarvirkjun fyrir þennan landshluta, er mjög nauðsynlegt, að athuguð séu öll meiri háttar fallvötn á svæðinu, sem líkleg eru til heildarvirkjunar, svo að hægt sé að mynda sér rökstudda skoðun um, hvar fyrst á að virkja og hvar síðast og hvernig haga á virkjun hvers fallvatns, svo að rafmagnið verði sem ódýrast, bæði í byrjun og við síðari aukningar. Ef fallvatn er ekki virkjað að fullu strax, þarf einnig að gæta þess vandlega, að virkjun að hluta útiloki ekki né torveldi fullnaðarvirkjun síðar, þar sem öll fallhæð og allt vatnsrennsli árinna er hagnýtt. Þetta er sérstaklega mikilsvert í landshluta, sem á frekar lítið af fallvötnum, sem aðgengileg eru til virkjunar í ríku mæli.

Reynsla allra þjóða er sú, að þar sem rafmagn er fáanlegt í ríku mæli við hóflegu verði, þar ris upp iðnaður, ef ekki úr innlendum hráefnum, þá úr aðfluttum. Ísland verður þar engin undantekning. Fossaflið er varanlegast allra orkulinda. Virkjun þess í ríku mæli er því bezta og varanlegasta atvinnutryggingin, sem hægt er að veita almennungi. Stórfelldar virkjanir fyrir suma hluta landsins, en rafmagnsleysi í hinum er því sama og eyðing byggða þeirra landshluta, sem rafmagnslausir eru. Þess vegna verður aldrei hægt að verja það, ef ekki verður undinn bráður bugur að heildarvirkjun fyrir þá landshluta, sem enn mega heita rafmagnslausir, og slíkar virkjanir látnar ganga fyrir um Marshallfé, ef framhald verður á slíku fjárveitingum.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að undirbúa slíka virkjun eða virkjanir fyrir þann hluta landsins, sem hún fjallar um.

Það skal sérstaklega tekið fram, að á s. l. sumri voru fyrir frumkvæði þm. Barðstrendinga athuguð virkjunarskilyrði í nokkrum vatnsföllum í Barðastrandarsýslu. Sýnir sú athugun, að þar er fyrir hendi nægileg vatnsorka fyrir það hérað.